

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 217/2021

2024/EES/13/29

frá 9. júlí 2021

## um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/529 frá 18. desember 2020 um tæknilega eftirlitsstaðla um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/583 að því er varðar aðlögun á seljanleikamörkum og hundraðshlutamörkum viðskipta sem notuð eru til að ákvarða stærðina sem á sérstaklega við um gerninginn sem gildir um tiltekna gerninga aðra en hlutabréfagerninga <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 31baz (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32021 R 0529**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/529 frá 18. desember 2020 (Stjtið. ESB L 106, 26.3.2021, bls. 47).“

*2. gr.*Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/529, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Rolf Einar Fife**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 106, 26.3.2021, bls. 47.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.